

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 161/2022**2022/EES/61/73****frá 29. apríl 2022****um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1042 frá 18. júní 2021 um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 að því er varðar tækniforskriftir og verklagsreglur fyrir samtengingarkerfi skráa og niðurfellingu framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2244 ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/884 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, hefur úrelst og ber því að fella hana brott samkvæmt EES-samningnum.
- 3) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 1a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/884) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

„**32021 R 1042**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1042 frá 18. júní 2021 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 að því er varðar tækniforskriftir og verklagsreglur fyrir samtengingarkerfi skráa og niðurfellingu framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2244 (Stjtíð. ESB L 255, 25.6.2021, bls. 7).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2021/1042, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 225, 25.6.2021, bls. 7.⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 144, 10.6.2015, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.